



Minnisblað

Mál: 1602158 – Breyting á ákvæði um starfsaldur í viðmiðunarreglum um starfsaldursviðurkenningar og kveðjur við starfslok

Í apríl á síðasta ári samþykkti bæjarráð viðmiðunarreglur um starfsaldursviðurkenningar og kveðjur við starfslok starfsfólks. Ákveðin reynsla er komin á framkvæmd reglnanna eftir síðastliðið ár.

Í reglunum er kveðið á um að miðað skuli við samanlagðan árafjölda sem starfsmaður hefur verið við störf hjá bænum. Komið hefur í ljós við framkvæmdina að þessu ákvæði er erfitt að fylgja eftir þar sem fara þarf í mikla skoðun í sumum tilfellum á ráðningarsamningum og gögnum langt aftur í tímann. Einnig hafa nokkrar athugasemdir borist frá starfsfólki bæjarins sem upplifir þetta ákvæði sem ósanngjarnt, til dæmis í tilfellum þar sem starfsmaður hefur talið sig eiga 25 ára starfsafmæli á árinu, en í ljós hefur komið að viðkomandi sinni sumarstarfi eða annaðist ræstingar um tíma hjá bænum og þá telst sá tími þá til starfsaldurs og gerir það að verkum að viðkomandi starfsmaður á ekki rétt á viðurkenningu það árið.

Í ljósi þessa er lagt til að reglunum verði breytt þannig að horft verði til samfellds starfsaldurs hjá bænum í stað samanlagðs starfsaldurs.